

# Heilsuleikskólinn Kæríbær

Umsókn um Grænfánann 2014

Átthagarnir



Heilsuleikskólinn Kæríbær  
Skaftárvöllum  
sími: 487-4803  
netfang: [leikskoli@klaustur.is](mailto:leikskoli@klaustur.is)  
heimasíða: <http://www.leikskolinn.is/kaeribaer/>

Kirkjubæjarklaustri 28. janúar 2014

„Grænfáninn“

## Skýrsla heilsuleikskólans Kærabæjar á Kirkjubæjarklaustri fyrir umsókn Grænfánans 2014-2016.

Þá er komið að því að gera grein fyrir starfi Heilsuleikskólans Kærabæjar á Kirkjubæjarklaustri síðastliðin tvö ár og sækja um nýjan fána fyrir næstu tvö árin.

Kæríbær fékk Grænfánann fyrstur allra skóla í Skaftafellssýslum, 4. júní 2008 og hefur hann blakt við hún fyrir utan skólann síðan. Við erum óskaplega stolt af því að hafa fengið þessa viðurkenningu sem hvetur okkur áfram til að halda áfram í umhverfismennt og náttúrufræðikennslu á lýðræðislegan hátt.

Heilsuleikskólinn Kæríbær er einnar deildar leikskóli og er ein umhverfisnefnd við hann.

Meginmarkmið skólans síðustu tvo vetur voru;

1. Að kynnst nánasta umhverfi leikskólans og læra að þekkja helstu nöfn og kennileiti.
2. Að kynnst fjölbreyttum vinnustöðum þéttbýlisins.
3. Að kynnst þjóðsögum tengdum Kirkjubæjarklaustri.
4. Að draga úr umfangi sorps með því að flokka endurvinnanlegt efni.
5. Að endurvinna og endurnýta það efni sem til fellur í leikskólanum.

### Umhverfisnefnd.

Í umhverfisnefnd veturinn 2012-2013 sátu: Þórunn Júlíusdóttir leikskólastjóri, Guðrún Sigurðardóttir deildar- og verkefnisstjóri, Arndís Harðardóttir fulltrúi foreldra auk elstu barnanna þriggja sem eru fædd 2008 og voru því aðeins fjögurra ára þennan vetur. Ekkert fimm ára barn var í leikskólanum þennan vetur.





Nú er unnið að myndlistarsýningu sem sett verður upp í Íþróttamiðstöðinni á degi leikskólans þann 6. febrúar n.k. Þar er þemað Skaftárhreppur og eins og kom fram á síðasta fundi ætlum við að teikna kindur, kýr, fiska, fugla, hús, vegir og ár svo eitthvað sé nefnt. Unnið verður mest úr verðlausu efni sem til fellur í leikskólanum.

### Eftirlit og endurmat

Sem fyrr segir þá hefur ekki enn farið fram neitt formlegt eftirlit eða endurmat. Hins vegar fá börnin a.m.k. einu sinni í mánuði það verkefni að flokka allt endurvinnanlegt efni sem fellur til frá eldhúsinu. Þá um leið eru **nemendur fræddir um umhverfismál** sérstaklega um endurvinnslu og endurnýtingu. **Skólinn kynnir stefnu sína** með óformlegum hætti með því að bjóða foreldrum og öðrum fullorðnum einstaklingum uppá að taka þátt í ýmiskonar endurvinnslu. Í vetur var heilmikil þátttaka í kertagerðinni. Þá kom starfsfólk og vinir foreldrar og eldri systkini saman að kvöldi til með kertaafganga og bræddu upp og endurgerðu kerti.



Þá buðum við yngstu börnunum grunnskólans að koma til okkar og endurvinna pappír.



## Umhverfissáttmáli Heilsuleikskólans Kærabæjar

*Í leikskólanum Kærabæ er áhersla lögð á að draga úr umfangi sorps, að endurnýta á sem fjölbreyttasta hátt og að virðing fyrir umhverfinu verði sjálfsagður þáttur í öllu starfi leikskólans. Í leikskólanum er unnið að því að Staðardagskrá 21 verði framfylgt eftir bestu getu en rekstraraðili leikskólans er þátttakandi í því verkefni. Til þess að halda umhverfi okkar hreinu einsetjum við okkur að tína upp það rusl sem á vegi okkar verður í vettvangsferðum og hirðum úr því það sem við getum nýtt í skapandi starf.*

### Lokaorð

Kæribær á sér marga fylgjendur hér heima í héraði. Bæði einstaklingar og fyrirtæki koma gjarnan með afgangspappír, garn, kertaafganga, efni o.þ.h. sem við endurvinnum og nýtum í skapandi starfi. Fyrir það erum við afskaplega þakklát, það hvetur okkur til að halda áfram enda aldrei hægt að ná enda í umhverfismálum.

Að vinna með börnum er að vinna að málefnum framtíðarinnar. Að vinna að umhverfismálum er að vinna að málefnum framtíðarinnar. Málefni framtíðarinnar eru endalaus áskorun um að standa sig enn betur á öllum sviðum. Stór málefni bíða okkar og krefjast lýðræðislegra vinnubragða. Að vinna að því að leikskólinn Kæribær verði áfram umhverfisvæn menntastofnun er áskorun sem okkur er ljúft að vinna að á lýðræðislegan hátt.

Við vonum að okkur takist áfram að vinna að þessum mikilvægu málum sem umhverfismál eru en þetta verkefni hefur sannarlega verið okkur hvatning til þess á öllum sviðum.

F.h. Umhverfisnefndar Heilsuleikskólans Kærabæjar  
Pórunn Júlíusdóttir  
Skóla- og verkefnastjóri 2013-2014